Miðvikudaginn 2. nóvember 1921.

Nr. 5/1921. **Sveinn Ólafsson**
(L. Fjeldsteð)
gegn
Sigurði Eiríkssyni
(Guðm. Ólafsson).

Ómerkingardómur.

Dómur sjódóms Suður-Múlasýslu 13. ág. 1920: Stefndi Sveinn Ólafsson greiði stefnanda Sigurði Eiríkssyni kr. 222,96 og eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna bætur fyrir atvinnutjón þann tíma, sem Alpha tafðist frá veiðum vegna skemdanna, þó eigi hærri en kr. 1300,00 hvort tveggja fjárhæðina ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað kr. 221,70.

Sömuleiðis greiði stefndi Sveinn Ólafsson kr. 20,00 í sekt til fátækrasjóðs Mjóafjarðarhrepps og kr. 20,00 til ríkissjóðs.

Dómur hæstarjettar.

Með því að það sést ekki á dómsgjörðunum eða á annan hátt að sjódómsmennirnir hafi unnið drengskaparheit, sem 4. gr. laga nr. 52, 30. nóv. 1914, um sjódóma, áskilur, þá verður þegar af þeirri ástæðu ekki komist hjá að ómerkja sjórjettardóminn og alla meðferð málsins fyrir rjettinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann eftir atvikum ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardómurinn og öll meðferð málsins fyrir rjettinum á ómerk að vera.

Stefndi, Sigurður Eiríksson, greiði áfrýjanda, Sveini Ólafssyni, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.